
Stjórn Fjármálaeftirlitsins
Aðalsteinn Leifsson, formaður
Höfðatorgi 2
105 Reykjavík

Efni: Viðbótarathugun, að beiðni stjórnar Fjármálaeftirlitsins, á atriðum er varða hæfi forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

I. Inngangur

1. Undirrituðum hefur verið falið að taka til skoðunar á ný álit sem veitt var stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna atriða sem tengjast hæfi Gunnars Þ. Andersen forstjóra Fjármálaeftirlitsins (GPA), en tilefni þeirrar beiðni mun vera umfjöllun á opinberum vettvangi um umrætt hæfi og ný gögn sem fram hafi komið og sem ekki hafi legið fyrir þegar fyrra álit var veitt.
2. Stjórn FME leitaði til undirritaðs á árinu 2010 og óskaði álits á atriðum sem vörðuðu hæfi GPA í tilefni af umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um viðskipti Landsbanka Íslands hf. (Landsbankinn) og félagsins LB Holding Ltd. (LB Holding) með hlutabréf Kaupþings banka hf. á árinu 2001, og í tilefni af upplýsingum um viðskipti Landsbankans og félagsins NBI Holdings Ltd. (NBI Holdings) með hlutabréf í [REDACTED] á árinu 2001. Var undirrituðum falið að skoða aðkomu GPA að umræddum viðskiptum, en hann var þá stjórnarmaður í síðarnefndu félögunum, og hvaða réttarlega þýðingu hún gæti haft með hliðsjón af þágildandi lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, svo og síðar í ljósi stöðu hans sem forstjóra FME.

II. Málavextir o.fl.

3. Um málavexti og atvik að öðru leyti, svo og varðandi fyrri niðurstöðu undirritaðs, leyfi ég mér að vísa til athugunar minnar, dags. 2. nóvember 2010.
4. Hinn 17. nóvember sl. fjallaði sjónvarpsþátturinn Kastljós á RÚV um GPA og FME. Í þættinum rakti stjórnandinn ýmis atriði tengd ofangreindum álitafnum og vísaði til heimilda sinna í því sambandi. Í umræddri umfjöllun var gefið til kynna að fyrir lægju gögn sem áður hefði ekki verið vísað til og sem ekki hafi legið fyrir er fyrri athugun var gerð. Rétt þykir að gera nánari grein fyrir efnisatriðum sem fram komu í þættinum, en hér á eftir verður síðan fjallað um gagnaöflun sem fram

fór í kjölfarið, svo og gerð grein fyrir öðrum gögnum sem undirrituðum bárust í hendur í kjölfar umfjöllunarinnar.

5. Í Kastljósþættinum¹ rakti stjórnandinn aðdraganda ráðningar forstjóra FME á árinu 2009 og að við auglýsingu hafi verið talið mikilvægt að „sá sem hreppti starfið væri ekki flæktur í þá fjármálagerninga sem óhjákvæmilega kæmu til skoðunar eftirlitsins eftir hrunið“. Á árinu 2010 hafi skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis komið út og hafi þar m.a. verið fjallað um „aflandsfélagið LB Holding sem skráð var í skattaskjólínu Guernsey“, en GþA hafi verið stjórnarmaður í því félagi. Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndarinnar hafi félagið verið notað í „viðskiptafléttu“ með bréf í Kaupþingi í maí 2001 og í því sambandi vísað til glærukynningar á fléttunni. Jafnframt hafi verið vísað í tölvubréf milli starfsmanna bankans þar sem fram hafi komið að færu viðskiptin fram með tilteknum hætti myndi þessi gerningur falla á alþjóðlegum reikningsskilareglum. Í þættinum var áfram vísað til rannsóknarskýrslunnar þar sem fram kæmi að LB Holding hafi keypt bréfin í Kaupþingi og þeim fylgt atkvæðisréttur og réttur til arðs en hins vegar hafi Kaupþing borið alla fjárhagslega áhættu í gegnum skiptasamninga sem gerðir hafi verið við Landsbankann. Jafnframt að leiddar hafi verið að því líkur í skýrslunni að sölunni á Kaupþingsbréfunum hafi verið skipt í tvennt til að komast hjá flöggunarreglum. Í framhaldi voru raktar þær skýringar sem GþA hafði veitt undirrituðum við gerð álitsins, þ.e. að félagið NBI Holdings hafi átt í tilteknum viðskiptum með hlutabréf í Kaupþingi en ekki LB Holdings og þá fyrr en greint var frá í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Var fullyrt að umræddar skýringar GþA stæðust ekki og var vísað til þess að tiltekin glærukynning hafi verið dagsett 27. apríl 2001 en að félagið NBI Holdings hafi ekki verið stofnað fyrr en í maí sama ár og hafi því ekki getað átt viðskipti með Kaupþingsbréf í mars. Þá var vikið að því í umfjöllun þáttarins að komist hefði verið að þeirri niðurstöðu í álitinu að stofnun og starfsemi aflandsfélaga teljist ekki ólögleg þótt vissulega séu til aflandsfélög sem stofnuð séu í slíkum tilgangi. Í framhaldi af því var tekið fram að með því að geyma hlutabréf í fjármálafyrirtækjum í aflandsfélögum en ekki í Landsbankanum hafi verið komist hjá því að færa eigið fé niður og þar með að íþyngja efnahagsreikningi Landsbankans. Í því sambandi var vísað til þess að talið sé að hugsanleg brot vegna þessara viðskipta séu fyrnd. Í umfjöllun þáttarins var síðan vikið að því að undirritaður hafi fallist á þær skýringar GþA að hann hafi verið óvirkur stjórnarmaður í aflandsfélögunum en að þingmenn sem séð hafi skýrsluna hafi gagnrýnt þetta nokkuð með vísan til þess að stjórnarmenn í félögum beri ríka ábyrgð og að hugtakið óvirkur stjórnarmaður sé ekki til í lögum. Stjórnandi þáttarins lýsti því þegar hér var komið við sögu að Kastljós hafi undir höndum gögn sem sýni aðkomu GþA að starfsemi félaganna, undirritaðar fundargerðir, lánasamninga og viðauka, „svo fátt eitt sé nefnt“. Þá hafi Kastljós heimildir fyrir

¹ Hér er stuðst við útskrift Creditinfo á efni þáttarins.

Því að stjórnarfundir hafi að mestu verið símafundir og hafi GÞA tekið þátt í þeim til jafns við aðra stjórnarmenn. Þá renni tölvupóstsamskipti stoðum undir að GÞA hafi verið virkur í starfi aflandsfélaganna og að heimildarmaður Kastljóss fullyrði að það sé af og frá að GÞA hafi verið óvirkur og að hann hafi borið sömu ábyrgð á gjörningum félaganna og aðrir stjórnarmenn. Næst var í umfjölluninni vikið að samskiptum GÞA við FME árið 2001, en GÞA hafi þá verið framkvæmdastjóri alþjóða- og fjármálasviðs Landsbankans. Þegar FME hafi óskað eftir upplýsingum um heildarstarfsemi bankans erlendis, þar á meðal dóttur- og hlutdeildarfélag, hafi GÞA svarað fyrir hönd bankans ásamt öðrum og að ekki hafi verið minnst á aflandsfélögin tvö, LB Holding og NBI Holdings þrátt fyrir að „augljóst sé að þau tengist starfsemi bankans erlendis enda skráð á Guernsey“, en fyrirspurn varðandi þau félag hafði komið frá starfsmanni bankans sem undirbjó svarið til FME. Vísað var til þeirrar niðurstöðu undirritaðs að ekki hafi verið formlega skylt að nefna félögin tvö í svarinu en að það hafi átt að gera þar sem „bankinn bar af þeim fjárhagslega áhættu“. Svarið hafi af þeim ástæðum verið aðfinnsluvert þó það hafi ekki verið talið ámælisvert. Í framhaldi af þessu var til þess vísað í þættinum, sem ekki hafi komið fram í álitserðinni, að þegar GÞA hafi unnið að undirbúningi aflandsfélaganna árið 1998 hafi legið fyrir lögfræðiálit þar sem fram komi að bankinn eigi að hafa frumkvæði að því að upplýsa Bankaeftirlitið, forvera FME, um fyrirhugaða starfsemi á Guernsey. Sú spurning sé áleitin, þrátt fyrir álit undirritaðs, hvort GÞA hafi leynt eftirlitsaðila, sem hann veitir nú forstöðu, upplýsingum. Þá hafi ekki einungis FME fengið rangar upplýsingar, heldur hafi rangar upplýsingar komið fram í útboðslýsingu vegna lántöku bankans í október 2001, en þar sé farið yfir starfsemi bankans og lykilstarfsmenn og að þar komi fram að Haukur Þór Haraldsson sé stjórnarmaður í umræddum félögum en ekkert komi fram um stjórnarsetu GÞA „þrátt fyrir að þessi atriði séu borin undir lykilstarfsmennina áður en útboðslýsingin er gefin út“. Í framhaldi af því er rakið að samkvæmt upplýsingum Kastljóss hafi GÞA verið helsti hvatamaður þess að aflandsfélög voru stofnuð fyrir tilstilli Landsbankans og hann hafi kynnt kosti slíkra félaga fyrir bankaráði bankans í febrúar 1998, m.a. að „þetta séu fjármálaviðskipti í skattvænu umhverfi án íþyngjandi reglugerðarbálka og einnig að þar ríki algjör bankaleynd“. Einnig komi þar fram að útbreiddur misskilningur sé að „offshore“ starfsemi tengist sjálfkrafa vafasömu fjármálavafstri en þvert á móti sé þetta eðlileg þjónusta nánast allra virtra alþjóðlegra banka. Í lok þáttarins var viðtal við Sigurð G. Guðjónsson hrl.² Benti hann á að GÞA hefði byggt upp „aflandsfélaga strúktur Landsbankans“. Félagin hafi strax keypt hlutabréf eða fengið hlutabréf í íslenskum félögum sem bankinn átti „og voru greinilega hugsuð til þess að standa að baki kaupréttarskuldbindingum Landsbankans að einhverju leyti“. Þá tók viðmælandinn aðspurður fram að ekki væri til neitt sem heiti að vera óvirkur stjórnarmaður í hlutafélagi, „allir stjórnarmenn [... eigi] að vera virkir og það eru auðvitað til dómar um það m.a. í dönskum rétti [...]“ og vísaði í

² Tekið var fram að Sigurður væri verjandi manna sem sæta rannsókn Fjármálaeftirlitsins.

því sambandi til dóma þar sem eiginkonur hafi verið gerðar ábyrgar vegna hlutafélaga eiginmanna sinna. Þá benti viðmælandinn á að þar sem utanlandsstarfsemi Landsbankans hafi verið utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi borið að greina FME frá umræddri starfsemi en það hafi ekki verið gert. Þá eigi að upplýsa um starfsemi bankans hvort sem hún sé í „dótturfélagi, systurfélagi eða hlutdeildarfélagi vegna þess að það hlýtur alltaf að vera einhver áhætta fólgin í því að eiga í öðru félagi og bankinn þarf að upplýsa um þá áhættu sem hann er í“. Að því er varðar fyrningu tók viðmælandinn fram, að máli skipti hvaða löggjöf sé um að ræða, en ef þetta „var hins vegar brot á lögum um verðbréfavíðskipti að þá er allt að 6 ára fangelsisrefsing við brotum á þeim lögum og þegar brot varða svo þungri refsingu þá er fyrningin 10 ár“.

III. Gagnaöflun

6. Í framhaldi af umræddum þætti, eða hinn 29. nóvember sl., var ákveðið að leita eftir upplýsingum um það á ný hjá Landsbankanum hvort ný gögn hefðu komið fram um þátt GÞA í stjórn aflandsfélaga á vegum Landsbankans. Með bréfi dags. 8. desember sl. sendi Landsbankinn stjórnarformanni FME tiltekin gögn sem ekki fylgdu svari bankans til fyrrverandi formanns stjórnar FME, dags. 3. september 2010, en ekki hafi verið til staðar vitneskja um tilvist þeirra gagna á þeim tíma sem fyrra bréfið hafi verið sent. Um var að ræða annars vegar skýrslu gerða af GÞA og Ole W. Kryger, frá febrúar 1998, með yfirskriftinni „Offshore banking - Proposal for Offshore Operations“ og hins vegar gögn frá bankaráði Landsbankans, nánar tiltekið bókanir frá 10 fundum þess, á tímabilinu frá 14. maí 1998 til 17. júlí 2000. Í bréfi Landsbankans var tekið fram að talið væri að þau gögn sem send hafi verið séu „tæmandi um þátt [GÞA] að því er best er vitað en skoðun gagna frá umræddum tíma er ákveðnum takmörkunum háð og því ekki hægt að fullyrða hvort frekari gögn kunni að koma í leitirnar síðar“. Um miðjan desember sl. bárust undirrituðum síðan til viðbótar gögn frá utanaðkomandi aðila, nánar tiltekið fundargerð framkvæmdastjórnar Landsbankans frá 5. júní 2001, reikningar NBI Holdings frá 31. desember 2001, samþykktir NBI Holdings, auk fyrrnefndrar skýrslu GÞA o.fl. um „Offshore banking“ sem kynnt hafði verið fyrir bankaráði Landsbankans 1998. Þá fylgdi gögnum frá hinum utanaðkomandi aðila skjal, sem virðist vera tölvubréf frá [REDACTED], ódagsett, en móttakandi þess er ekki tilgreindur. Umrædd gögn voru send GÞA til kynningar með bréfum undirritaðs dags. 9. og 14. desember sl. Kom GÞA á framfæri athugasemdum vegna umræddra gagna með bréfi dags. 30. desember sl.

IV. Athugasemdir vegna nýrra gagna

Almennt um fyrri athugun undirritaðs

7. Svo sem rakið er í fyrri athugun minni fyrir stjórn FME³ var undirrituðum falið að „skoða aðkomu“ núverandi forstjóra FME að tilteknum viðskiptum Landsbankans og félagsins LB Holding með hlutabréf Kaupþings á árinu 2001, og aðkomu hans að viðskiptum Landsbankans og félagsins NBI Holdings með hlutabréf í ■■■ á árinu 2001, og hvaða réttarlega þýðingu aðkoman geti haft með hliðsjón af þágildandi lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, svo og í ljósi stöðu hans sem forstjóra FME.
8. Rétt er að taka fram að undirrituðum var ekki falið sérstaklega að gefa álit á því hvort það eitt að núverandi forstjóri hafi verið í stjórn svokallaðra „aflandsfélaga“ hefði þýðingu varðandi núverandi stöðu hans sem forstjóra FME, eða hvort aðkoma GþA að undirbúningi að stofnun slíkra félaga hjá Landsbankanum almennt hafi haft þýðingu að því er framangreint varðar. Að þessu leyti var hins vegar eftirfarandi sérstaklega tekið fram í fyrri athugun, sbr. efniskafla 34:

„ ... Á hinn bóginn ber að hafa í huga að stofnun félaganna LB Holding og NBI Holdings Ltd. sem slík virðist ekki á neinn hátt hafa farið gegn lögum og vistun eigna í slíkum félögum að sama skapi ekki verið ólöglegt. Stjórnarseta GþA í félögunum fór því ekki gegn settum lögum eða öðrum viðmiðunum sem á þessum tíma giltu um fjármálafyrirtæki.“

9. Af gefnu tilefni telur undirritaður rétt að ítreka ofangreinda afstöðu. Á þeim tíma sem um ræðir, þ.e. á árunum 1998-2001, sem gögn málsins taka til, var GþA starfsmaður Landsbankans og hafði sem slíkur skyldum að gegna gagnvart bankanum. Verður að líta svo á að störf sem hann innti af hendi fyrir þáverandi vinnuveitanda sinn og voru lögleg á þeim tíma sem að þeim var unnið geti ekki að lögum leitt til vanhæfis hans í embætti forstjóra FME eða þess að heimilt sé að víkja honum úr embætti sínu. Þá verður ekki talið að lögmæt hagsmunagæsla fyrir vinnuveitanda eða í öðrum störfum að þessu leyti geti leitt til þess að viðkomandi teljist *að lögum* ekki hæfur síðar til að gegna starfi forstjóra FME. Ef svo væri þá gæti t.d. endurskoðandi sem í starfi sínu hefur ráðlagt viðskiptavinum varðandi hagstæðustu kosti í tengslum við skattaálagningu ekki síðar gegnt starfi ríkisskattstjóra, jafnvel þó ráðgjöfin hafi verið innan lagaramma. Ekki verður séð að slíkar takmarkanir eigi sér sérstaka stoð í lögum. Af þessum ástæðum er ítrekuð sú afstaða sem lögð var til grundvallar í fyrri álitargerð, að það eitt að GþA hafi setið í stjórnnum umræddra félaga geti tæplegast eitt og sér valdið því að hann teljist ekki hæfur til að gegna núverandi embætti hafi hann ekki brotið gegn

³ Sjá I. kafla, Inngang í athugun dags. 2. nóvember 2010.

lögum í umræddum störfum sínum. Því síður verður talið að slíkt geti leitt til lögmæts brottrekstrar úr starfi. Sjá úr fyrri umfjöllun (efniskaflí 39):

„Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. nógildandi laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (opl.) er forstjóri Fjármálaeftirlitsins ráðinn af stjórn stofnunarinnar og annast hann daglega stjórnun á starfsemi og rekstri hennar. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. opl. skal forstjóri hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Í 3. mgr. 6. gr. opl. kemur fram að stjórnarmenn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins skulu vera lögráða og aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki vera í tengslum við atvinnurekstur, hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila. Í lögskýringargögnum, þ.e. athugasemdum í greinargerð með 6. gr. frumvarps til laganna, er að finna svohljóðandi ummæli: „Strangari kröfur eru gerðar til forstjóra þar sem kveðið er á um háskólamenntun og víðtæka þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um almennt hæfi stjórnenda og starfsmanna til starfa. Nauðsynlegt er að ferill stjórnenda sé með þeim hætti að hægt sé að bera til þeirra traust og að þeir geti metið mismunandi tilvik á hlutlægum forsendum. Þá er nauðsynlegt að þeir sem starfa við eftirlitið og taka ákvarðanir séu ekki í nánnum starfs- eða eignatengslum við hina eftirlitsskylda aðila.“

Samantekt á nýjum gögnum

10. Þau gögn sem undirrituðum hafa nú borist til viðbótar lúta einkum að tveimur atriðum, annars vegar að kynningu sem GÞA kom að á árinu 1998 hjá Landsbankanum og varðaði kosti og galla þess að Landsbankinn hæfi aflandsstarfsemi („Offshore banking“) og gögn um félög sem stofnað var til í framhaldi, og hins vegar bókanir bankaráðs Landsbankans á tímabilinu frá 1998 – 2001, og sem varða umrædda starfsemi. Verður nú vikið að þessum gögnum.
11. Í fundargerð bankaráðs Landsbankans 14. maí 1998 kemur fram að aðalbankastjóri hafi lagt fram hugmyndir um „aflandseiningu L.Í. (Offshore banking)“ og að GÞA, annar höfundur skýrslu um viðfangsefnið hafi komið á fundinn. Í fundargerðinni kemur fram að stofnun aflandseiningar yrði liður í því að mæta breytingum og auknu frelsi í viðskiptum og því að bregðast við harðnandi samkeppni. Tilteknir staðir kæmu til greina, en staðsetning á Guernsey uppfylli fleiri skilyrði en aðrir valkostir. Var tillaga bankastjóra sú að hefja samstarf við ██████████ á Guernsey um uppsetningu á fyrirtæki þar, en tekið var fram að ██████████. Á fundi bankaráðs

hinn 28. maí 1998 fór fram framhaldsumræða um skýrsluna. Samþykkti bankaráðið tillöguna með 4 atkvæðum en einn bankaráðsmaður „sat hjá að veita aðalbankastjóra heimild til að stofna Offshore Banking en fara varlega í sakirnar og undirbúa vel markaðssetningu og koma fram með hana í tengslum við aðrar nýjar þjónustugreinar“. Á fundi bankaráðsins hinn 26. nóvember 1998 var tilkynnt að gengið hefði verið frá stofnun aflandseininga Landsbankans („Landsbanki Capital International Limited“ og „Landsbanki PCC (Guernsey) Limited“) og að fjármálaeftirlit Guernsey (Guernsey Financial Services Commission) hafi veitt starfsleyfi hinn 30. október s.á. Fyrstu stjórnarfundir fyrirtækjanna hefðu verið haldnir 19. nóvember á Guernsey og að undirritaður hafi verið rekstrar- og vörslusamningur milli Landsbankans og [REDACTED]. Söluátak vegna aflandssjóða myndi hefjast 1. desember. Samkvæmt tillögu bankastjóra til bankaráðs Landsbankans hinn 18. nóvember 1999 var gert ráð fyrir að í stjórn félagsins Landsbanki PCC (Guernsey) Ltd. væru GþA, Sigurður Atli Jónsson, Ole Kryger, William P. Simpson og Paul D. Smith, en í stjórn félagsins Landsbanki Capital International Limited sætu Halldór J. Kristjánsson, Sigurður Atli Jónsson, GþA, Ole Kryger og William P. Simpson.

12. Fram kemur í inngangsorðum skýrslunnar að hún hafi verið útbúin samkvæmt beiðni bankaráðs bankans. Skýrslan sem er alls 41 bls., auk viðauka A-F, fjallar með almennum hætti um svokallað „Offshore banking“, kosti og galla við slíka starfsemi, lagaumhverfi o.fl. Í inngangi er vikið að því að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hafi breytt verulega því umhverfi sem íslensk fjármálafyrirtæki starfi í, takmarkanir hafi verið afnumdar o.s.frv. Á hinn bóginn er bent á að tiltekin atriði hafi talist hamlandi fyrir samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki, svo sem vegna stimpilgjalds og fjármagnstekjuskatts. Þá er vikið að starfsemi Kaupþings og umsvifum í Lúxemborg. Í skýrslunni er fjallað um nokkra kosti fyrir staðsetningu aflandsfyrirtækja og tiltekið að lagaumhverfi o.fl. á Guernsey gæti hentað best í þessu sambandi, ekki hvað síst með tilliti til svokallaðra PCC fyrirtækja („Protected Cell Company“), sem þar sé heimilt að stofna. Þá kemur fram að höfundar hafi leitað til nokkurra aðila með samstarf í huga og komist að þeirri niðurstöðu að [REDACTED] byði upp á bestu kostina fyrir Landsbankann, en sá banki væri hluti af [REDACTED], sem væri ein sú stærsta í heimi. Í skýrslunni er gerð almenn grein fyrir þeirri starfsemi sem felst í „Offshore Banking“, en almennt væri litið á það sem „utanlandsstarfsemi“, þ.e. starfsemi annars staðar en í heimalandi, þar sem aðilar nýttu sér hagstæðara rekstrar- og lagaumhverfi en í heimalandi. Slík starfsemi væri alþekkt um allan heim. Ekki er tilefni til að rekja skýrsluna frekar enda telst hún almenns eðlis og vera almenn kynning að því leyti til. Í viðauka A voru samþykktir fyrir svokölluð PCC fyrirtæki, viðaukar B-E voru upplýsingar um samskipti við [REDACTED] og fleiri hugsanlega samstarfsaðila, og í viðauka F var lögfræðilít hæstaréttarlögmannanna Jakobs Möller og Péturs Guðmundarsonar, dags. 30. janúar 1998, varðandi möguleika bankans á „Offshore“ starfsemi. Í álitinu er m.a.

komist að þeirri niðurstöðu að Landsbankanum sé heimilt að setja á stofn útibú eða aðra starfsemi, hvort heldur er í ríki innan EES-svæðisins eða utan þess. Uppfylla þurfi tilkynningar til bankaeftirlitsins fyrirfram, hvort heldur starfsemi eigi að fara fram innan eða utan EES-svæðisins. Sé starfsemi í landi innan EES-svæðisins annist íslenskar eftirlitsstofnanir eftirlit með starfseminni, eftir reglunni um eftirlitsskyldu heimaríkis. Sé starfsemin utan EES-svæðis annist þarlend yfirvöld eftirlit og íslenska bankaeftirlitið hafi ekki eftirlit með öðru en því, sem varðar þá hagsmuni, sem eftirlit þess á að tryggja.

13. Hinn 16. júní 2000 voru kynntar fyrir bankaráði hugmyndir um uppleysanlegan sjálfseignarsjóð á Guernsey (The 1886-LB Trust) í því skyni að efla fjárstýringu Landsbankans. „Gert var ráð fyrir að sjóðurinn stofni skráð fyrirtæki á Guernsey (LB-Holdings) sem annist fjárfestingu sjóðsins. Hugmyndir eru um að umrætt félag kaupi af bankanum eigin hlutabréf hans, erlend og innlend víkjandi lán, hluta af hlutabréfaeign í [REDACTED] ásamt hlutabréfum í [REDACTED] og [REDACTED]“ Í minnisblaði bankastjóra, Halldórs J. Kristjánssonar og Hauks Þórs Haraldssonar, fjármálastjóra, kemur fram að til stæði að Landsbankinn legði 1886-LB til stofneignir, og hann tilnefndi einnig aðila (The Trustee) sem sæi um stjórn á 1886-LB samkvæmt stofnskrá í samráði við annan aðila (The Protector). Landsbankinn sé eini fjárhagslegi viðtakandi arðs og/eða endurgreiddra eigna sjóðsins og fyrirtækisins. Eitt meginverkefni 1886-LB sé að eiga LB Holding. Landsbankinn seldi LB Holding eignir og annaðist lánsfjármögnun á LB Holding, en sem dæmi að nefna seldi bankinn LB Holding hluta eigna sinna í [REDACTED] og [REDACTED], en einnig gæti hann selt LB-Holding eignarhluta í bankanum sjálfum. Síðan segir í minnisblaði Halldórs J. Kristjánssonar og Hauks Þórs Haraldssonar: „Meðan sjóðurinn starfar eru eignir hans lagalega ekki eignir bankans og því getur eignarhaldið haft jákvæð CAD áhrif fyrir Landsbankann.“
14. Bankaráð heimilaði stofnun á umræddum sjóði á ofangreindum fundi sínum en tekið var fram að nánar yrði fjallað um þær eignir sem sjóðurinn myndi taka yfir á fundi bankaráðsins síðar. Á fundi hinn 17. júlí 2000 var lagt fram minnisblað, dags. 13. júlí s.á., varðandi sölu á eignum til LB Holding, en minnisblaðið er undirritað af sömu aðilum og áður, Halldóri J. Kristjánssyni og Hauki Þór Haraldssyni. Í minnisblaðinu kom fram að bankaráðið hefði á fundi sínum 16. júní samþykkt stofnun á The 1886-LB Trust á Guernsey sem sé „uppleysanlegur sjálfeignarsjóður“ (e. „revocable trust“). Til að annast fjármálaumsýslu fyrir The 1886-LB Trust hafi verið stofnað fyrirtækið LB Holding á sama stað. Í samræmi við fyrri tillögur var lagt til að staðfest yrði ákvörðun bankastjóra um að selja LB Holding hlutabréf í Landsbankanum fyrir allt að [REDACTED] króna m.v. markaðsgengi á söludegi. Tilgangurinn með kaupum félagsins á hlutabréfum í Landsbankanum sé m.a. að mynda sjóð vegna kaupréttarsamninga við starfsmenn bankans. Þá var einnig óskað heimildar til að selja víkjandi skuldabréf

sem bankinn átti í Búnaðarbankanum og hlutabréf bankans í [REDACTED]. Einnig kom fram að Landsbankinn myndi hafa milligöngu um fjármögnun LB Holding á kaupunum, til að byrja með gæti verið um að ræða lán frá bankanum en í framhaldi kæmi til greina að LB Holding tryggði aðra fjármögnun, jafnframt því sem söluhagnaður eigna gæti byggt upp tiltekið eigið fé í félaginu. Í lok minnisblaðsins kom fram að The 1886-LB Trust hafi gert tillögu um að William Simpson, GþA og Haukur Þór Haraldsson skipi stjórn LB Holding. Staðfesti bankaráð Landsbankans sölu umræddra eigna til LB Holding á þessum fundi.

15. Meðal gagna sem bárust frá hinum utanaðkomandi aðila var skjal sem virðist í grunninn vera tölvubréf frá [REDACTED], sem mun hafa verið umsjónaraðili The 1886-LB Trust. Skjalið er ódagsett og er móttakandi þess ekki tilgreindur. Svo virðist sem skjalið sé að hluta til texti frá umræddum [REDACTED], en að settar hafi verið inn í textann athugasemdir frá Landsbankanum. Sé sú ályktun rétt ber skjalið hins vegar ekki með sér hver hafi sett athugasemdirnar inn. Af hálfu hins utanaðkomandi aðila er fullyrt að athugasemdir í skjalinu séu frá GþA komnar. Í 1. lið tölvubréfsins er vikið að því að fundur hafi verið bókaður í félaginu og að fundurinn hafi farið fram á Guernsey, en fyrir slíku sé heimild í 106(2) gr. samþykkt. Mikilvægt sé að félagið hafi starfsemi á Guernsey en stjórnun fari ekki fram á Íslandi. Í feitletruðum innfærðum athugasemdum kemur fram að stofnun LB Holding í gegnum The 1886 Trust hafi byggst á sjónarmiðum sem tengjast uppsetningu efnahagsreiknings Landsbankans, þ.e. „Landsbanki´ balance sheet management strategy“. Þá kemur fram að Landsbankinn hafi valið „Revocable Trust“ fyrirkomulag á Guernsey sem ekki sé til á Íslandi. Ekki er talið efni til að gera nánari grein fyrir þessu skjali en það er efnislega í samræmi við minnisblað og bókun á fundi bankaráðs Landsbankans frá 16. júní 2000, sem áður var getið.

16. Þá barst með gögnum frá sama aðila fundargerð framkvæmdastjórnar Landsbankans frá 5. júní 2001. Fundinn sátu 7 fundarmenn, þ. á m. HJK, BrH, GþA, SAJ, HPH og GÓ, sem ritaði fundargerð. Undir liðnum „Efnahagsreikningur“ benti HPH á eftirfarandi: „Nauðsynlegt að bæta tryggingastöðu bankans vegna útlána til LB Holding Ltd. Kanna með sölu [REDACTED] bréfa frá LB Holding Ltd. til NBI Holdings Ltd.“ Engar frekari skýringar eru á umræddri athugasemd HPH á fundinum.

Ályktanir

17. Í umræddum Kastljósþætti var sem fyrr greinir vísað til þess að GþA hafi komið að gerð skýrslu um aflandsfélagastarfsemi sem kynnt hafi verið Landsbankanum á árinu 1998. Hafi GþA verið helsti hvatamaður þess að aflandsfélög voru stofnuð fyrir tilstilli Landsbankans og hann hafi kynnt kosti slíkra félaga fyrir bankaráði bankans í febrúar 1998, m.a. að „þetta séu fjármálaviðskipti í skattvænu umhverfi

án íþyngjandi reglugerðarbálka og einnig að þar ríki algjör bankaleynd“. Einnig kom fram að útbreiddur misskilningur sé að „offshore“ starfsemi tengist sjálfkrafa vafasömu fjármálavafstri en þvert á móti sé þetta eðlileg þjónusta nánast allra virtra alþjóðlegra banka.

18. Ekki verður ráðið af umræddri skýrslu um „Offshore Banking“ að efni hennar feli í sér umfjöllun um neins konar ólögsmæta háttsemi. Rétt er að taka fram að skýrslan var kynnt fyrir bankaráði bankans og megininntak hennar rakið í sérstöku minnisblaði sem lagt var fram á fundinum, en tillagan var samþykkt í bankaráði hinn 28. maí 1998. Á fundi bankaráðsins hinn 26. nóvember 1998 var tilkynnt að gengið hefði verið frá stofnun aflandseininga Landsbankans („Landsbanki Capital International Limited“ og „Landsbanki PCC (Guernsey) Limited“) og að fjármálaeftirlit Guernsey (Guernsey Financial Services Commission) hafi veitt starfsleyfi hinn 30. október s.á., sbr. einnig að framan. Í bréfi GÞA til undirritaðs, dags. 30. desember 2011, kemur fram að efni skýrslunnar hafi verið kynnt fyrir FME á umræddum tíma og hafi annar þeirra lögmannna, sem veittu lögfræðialit í tengslum við skýrsluna, tekið þátt í þeim fundi. Fyrri rannsókn undirritaðs laut *ekki* að starfsemi umræddra félaga. Þó kemur fram í fyrri athugun undirritaðs að þessara félaga *var getið* í svarbréfi Landsbankans til FME, dags. 26. júní 2001, ásamt dótturfélagi Landsbankans Heritable Bank Ltd.
19. Umrædd skýrsla laut ekki að stofnun sérstaks „uppleysanlegs sjálfseignarsjóðs á Guernsey“ sem til umfjöllunar kom á fundi bankaráðs Landsbankans hinn 16. júní 2000 og var tilefni fyrri athugunar undirritaðs. Ekki verður því ráðið að tengsl séu milli umræddrar skýrslu GÞA o.fl. og síðari ákvörðunar bankaráðsins að stofna til uppleysanlegs sjálfseignarsjóðs á Guernsey (LB-1886 Trust, LB Holding og NBI Holdings). Í umfjöllun Kastljóss var sérstaklega vikið að því að félaganna LB-Holding eða NBI Holdings hafi ekki verið getið í svari sem sent hafi verið FME á árinu 2001. Um þetta sagði síðan orðrétt: „En það kemur hins vegar ekki fram í álitargerð Andra að þegar [GÞA] vann að undirbúningi aflandsfélaganna fyrir Landsbankann árið 1998, þremur árum áður en hann svaraði Fjármálaeftirlitinu, fékk hann lögfræðialit frá hæstaréttarlögmönnum Jakobi Möller og Pétri Guðmundarsyni. Þar kemur fram að bankinn eigi að hafa frumkvæði að því að upplýsa Bankaeftirlitið sem var forveri Fjármálaeftirlitsins, um fyrirhugaða starfsemi á Guernsey. Sú spurnig er því áleitinn hvort [GÞA] hafi gegn betri vitund leynt Fjármálaeftirlitið upplýsingum, eftirliti sem hann sjálfur veitir forstöðu í dag.“ Ljóst er að hér er um misskilning af hálfu Kastljóssins að ræða, sbr. framangreinda umfjöllun, en hvorki skýrsla sú sem GÞA vann að á árinu 1998 né tilvísað lögfræðialit lutu að sjálfseignarsjóðum þeim sem síðari umfjöllun laut að og hér skipta máli, heldur eingöngu að starfsemi sem síðar var sett á laggirnar með félagunum Landsbanki Capital International Limited og Landsbanki PCC (Guernsey) Limited.

20. Í álitargerð lögmannanna var fjallað um umræddar aflandseiningar, sem síðan var stofnað til á árinu 1998, þ.e. Landsbanki Capital International Limited og Landsbanki PCC (Guernsey) Limited, en ljóst er að starfsemi þeirra félaga var háð leyfum hjá yfirvöldum á Guernsey, og að slíkra leyfa var aflað. Í svari því sem sent var FME á árinu 2001, og vikið var að hér að framan, virðist ekki hafa verið uppi álitamál um hvort upplýsa ætti um tilvist þeirra félaga og var þeirra getið í umræddu svari sem fyrr segir. Vafamálið laut að umræddum félögum sem voru í eigu *sjálfseignarsjóðs* á Guernsey („Trust“) en um slík félög í eigu *sjálfseignarsjóðs* var í engu vikið í nefndu lögfræðialiti, sbr. nánar hér á eftir. Verður því ekki talið að lögfræðialit lögmannanna hafi neina þýðingu við úrlausn máls þessa. Umfjöllun Kastljóss um tilvísaða skýrslu og um tengsl hennar við LB-Holding eða NBI Holdings, sem voru til umfjöllunar í fyrri athugun undirritaðs, á því ekki við rök að styðjast. Þá var umfjöllun um þýðingu lögfræðialits lögmannanna og tengsla þess við svar GþA til FME á árinu 2001, einnig byggð á misskilningi eins og fyrr er rakið.

21. Í athugun minni frá 2. nóvember 2010 var fjallað um það hvort rétt hafi verið og skylt að geta félaga í eigu umrædds *sjálfseignarsjóðs*, The 1886-LB („Trust“), í svari til FME á árinu 2001. Ljóst er að sú óvissa sem var (og er) varðandi réttarstöðu *sjálfseignarsjóða* („Trust“) í íslenskum rétti gerði það að verkum að ekki var sjálfgefið að slíkur *sjálfseignarsjóður* teldist *eign* Landsbankans og að hafið væri yfir vafa að hann félli undir félög í eigu Landsbankans eða teldist til starfsemi hans. Að sama skapi ríkir óvissa um hvort Landsbankanum hafi borið formleg lagaleg skylda til að tilgreina sjóðinn og/eða fyrirtæki í eigu sjóðsins í svari sínu til FME varðandi starfsemi bankans erlendis. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að í minnisblaði Halldórs J. Kristjánssonar og Hauks Þórs Haraldssonar, til bankaráðsins 16. júní 2000 segir varðandi réttarstöðu slíks *sjálfseignarsjóðs* („revocable trust“), að meðan „sjóðurinn starfar eru eignir hans lagalega ekki eignir bankans og því getur eignarhaldið haft jákvæð CAD áhrif fyrir Landsbankann“. Í niðurstöðu undirritaðs í fyrri athugun sagði um ofangreint:

*„Samhliða ofangreindu kemur sérstaklega til skoðunar hvort telja megi ámælisvert, í skilningi þess sem að framan greinir, að GþA hafi í bréfi sem hann ritaði til Fjármálaeftirlitsins f.h. Landsbankans hinn 26. júní 2001, þrátt fyrir gefið tilefni, látið ógetið um félögin LB Holding Ltd. og NBI Holdings Ltd., sem skráð voru á Guernsey, en bréfið var svar við fyrirsögn Fjármálaeftirlitsins um starfsemi íslenskra fjármála fyrirtækja erlendis. Hér verður ekki framhjá því litið að ákveðin lagalega óvissa er og var um lagalega þýðingu slíkra félaga í íslenskum rétti. Félögin eru ekki dótturfélög Landsbankans eða hlutdeildarfélög í lagalegum skilningi, en þau eru í eigu tiltekins *sjálfseignarsjóðs*, „trust“, þar sem Landsbankinn er talinn eiga hagsmuna að gæta („beneficiary“), svo sem að framan greinir. Hafa slík félög*

oft á tíðum verið stofnuð af þessum ástæðum, þ.e. þar sem ekki á að vera um formlegt eignarhald að ræða. Af þessum ástæðum má líta svo á að ekki hafi verið formlega skylt að geta félaganna í bréfi því sem GÞA ritaði Fjármálaeftirlitinu í júní 2001. Á hinn bóginn mátti GÞA vera það ljóst að Landsbankinn hafði sértækra hagsmuna að gæta varðandi umrædd félög vegna tengslanna og bar í reynd af þeim fjárhagslega áhættu. Verður að telja að þegar á þessum tíma hafi það mátt vera ljóst að við eftirlit með fjármáلامarkaði gat það haft þýðingu fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa slíkar upplýsingar eða að minnsta kosti hafi það verið varlegt að upplýsa um þau, þó svo að Landsbankinn hafi á sama tíma getað haft þann fyrirvara að bankinn teldi að ekki væri um eignarhald að ræða í skilningi fyrirspurnar eftirlitsins og að félögin tengdust starfsemi bankans erlendis. Í ljósi þeirrar lagalegu óvissu sem er tengd slíkum félögum og með tilliti til atvika að öðru leyti verður ekki talið að svar GÞA geti talist hafa verið ámælisvert, en telja má að það hafi verið aðfinnsluvert.“

22. Með vísan til ofangreinds tel ég ekki ástæðu til að víkja frá fyrra álitinu mínu að þessu leyti.
23. Gögn þau sem undirrituðum hafa borist og að ofan eru rakin virðast ekki varpa neinu frekara ljósi á þátt GÞA í viðskiptum Landsbanka Íslands og félagsins LB Holding með hlutabréf í Kaupþingi á árinu 2001, sem og viðskiptum Landsbankans og félagsins NBI Holdings með hlutabréf í ■■■ á árinu 2001. Í fyrra álitinu undirritaðs var niðurstaða að því er það varðar eftirfarandi:

„Af fyrirliggjandi gögnum málsins má ráða að GÞA hafi sem stjórnarmaður NBI Holdings Ltd. vitað eða mátt vita að Landsbankinn var stofnandi umrædds sjálfseignarsjóðs og talinn „beneficiary“. Þá má einnig ráða af gögnum málsins að GÞA hafi vitað um tilgang stofnunar félaganna, þ.e. að fara með eignarhald Landsbankans á tilteknum eignum. Fékk GÞA m.a. í hendur drög að skipuriti vegna hlutabréfa í Kaupþingi sem gáfu til kynna að áhætta af viðkomandi hlutabréfum ætti að liggja hjá Kaupþingi, auk þess sem GÞA undirritaði f.h. NBI Holdings Ltd. ýmis skjöl sem tengdust viðkomandi „strúktúr“. Þá liggur fyrir að GÞA undirritaði skjöl f.h. NBI Holdings Ltd. í tengslum við kaup Landsbankans á hlutum í ■■■. Ekki verður hins vegar ráðið að GÞA hafi komið að undirbúningi þessara mála sérstaklega. Þá verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að GÞA hafi komið að gerð ársreikninga þeirra félaga sem um ræðir (Landsbankinn / Kaupþing) eða að umfjöllun um afmörkun á eigin fé bankanna af þessu tilefni, ef því var að skipta.“

24. Í nýjum gögnum sem borist hafa má ráða nánar um tilgang og markmið með stofnun svokallaðs uppleysanlegs sjálfeignarsjóðs („revocable trust“) á vegum Landsbankans. Í minnisblaði Halldórs J. Kristjánssonar og Hauks Þórs

Haraldssonar til bankaráðsins 16. júní 2000 sagði varðandi réttarstöðu slíks sjálfseignarsjóðs („revocable trust“), að meðan „sjóðurinn starfar eru eignir hans lagalega ekki eignir bankans og því getur eignarhaldið haft jákvæð CAD áhrif fyrir Landsbankann“, eins og áður var rakið. Í því sambandi vísast og til fundar bankaráðs Landsbankans frá 17. júlí 2000 þar sem lagt var fram minnisblað, dags. 13. júlí s.á., varðandi sölu á eignum til LB Holding, en minnisblaðið er undirritað af Halldóri J. Kristjánssyni og Hauki Þór Haraldssyni. Af þessum minnisblöðum verður ekki ráðið sérstaklega að GPA hafi lagt á ráðin með eða borið ábyrgð á því að tillaga þessa efnis var lögð fyrir bankaráðið en hann undirritaði hvorki minnisblað sem fól í sér tillöguna um stofnun sjóðsins né tillöguna um ráðstöfun eigna til félagsins. Þess utan verður ekki annað ráðið en að framangreind greining í minnisblaðinu hafi verið rétt í lagalegu tilliti, þ.e. að bankinn hafi ekki talist „eigandi“ umræddra félaga, heldur sjálfseignarsjóður („Trust“), þar sem Landsbankinn var hins vegar talinn vera „beneficiary“. Engu að síður er þess að geta að vegna þeirra hagsmuna sem Landsbankinn hafði í tengslum við umrædd félög varð það niðurstaða undirritaðs í fyrri athugun að rétt hefði verið að geta þeirra í umsögn til FME á árinu 2001, og að aðfinnsluvert hafi verið að svo hafi ekki verið gert, sbr. og hér að framan.

V. Önnur atriði sem til umfjöllunar voru í Kastljósi

Óvirkur stjórnarmaður

25. Í umfjöllun Kastljóss var sérstaklega vikið að því að því að undirritaður hafi fallist á þær skýringar GPA „að hann hafi verið óvirkur stjórnarmaður í aflandsfélögunum“ og þess getið að tilteknir þingmenn hafi gagnrýnt þetta nokkuð enda beri stjórnarmenn í félögum ríka ábyrgð og „hugtakið óvirkur stjórnarmaður [sé] ekki til í í lögum“. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að hér gætir misskilnings, en rangfærslur að þessu leyti hafa einnig komið fram í öðrum fjölmiðlum. Í fyrri skýrslu undirritaðs var eftirfarandi tekið fram vegna athugasemda GPA:

„Í athugasemdum sínum við drög að skýrslu þessari tekur GPA fram að hann hafi ekki fengið athugasemdir Sigurjóns G. Geirssonar þar sem viðskiptin (með bréfin í Kaupþingi) hafi verið greind. Renni það stoðum undir það að GPA hafi verið óvirkur stjórnarmaður í félaginu að því er umræddan gjörning varðar að öðru leyti en því að vissulega hafi gögn sem kröfðust undirritunar stjórnar verið undirrituð af honum.“ (undirstrikanir undirritaðs).

Í niðurstöðum undirritaðs vegna þessa segir orðrétt:

„Þá ber jafnframt að hafa í huga að gögn málsins virðast ekki sýna fram á það sérstaklega að GPA hafi komið að undirbúningi umræddrar uppbyggingar (e. structure) að því er varðar viðskipti með hlutabréf í Kaupþingi eða komið að þeirri ákvörðun að bréf í ■■■ væru tímabundið felld undir eignarhald NBI Holdings Ltd. Í því sambandi virðist frekar sem að aðrir hafi haft þar hönd í bagga og af því megi fallast á þær athugasemdir GPA, að hann hafi fyrst og fremst verið óvirkur stjórnarmaður að þessu leyti til. Gögn málsins bera ekki með sér að hann hafi verið hvatamaður, lagt á ráðin með eða verið virkur þátttakandi í þeim gerningum sem um ræðir, heldur þvert á móti virðist hann vera „óvirkur“ í samskiptaneti þeirra sem virðast hafa komið að uppbyggingu umræddra viðskipta við félagin LB Holding Ltd. og NBI Holdings Ltd.“ (undirstrikanir undirritaðs).

Í framhaldi af þessu sagði orðrétt:

„Hins vegar verður auðvitað ekki framhjá því litið að hann var stjórnarmaður í félagunum. Talið er í íslenskum rétti að stjórnendur félags beri ríka ábyrgð á ráðstöfunum sem gerðar eru á vegum félagsins. Þannig geta þeir t.d. sætt refsíábyrgð vegna saknæms eftirlitsskorts, t.d. þegar félag undir þeirra stjórn hefur viðhaft ólögmeða viðskiptahætti um nokkurt skeið og þeir hafa látið hjá líða að bregðast við með viðeigandi hætti. Hefur þá einnig verið á því byggt að stjórnarmenn félaga geti almennt ekki borið það fyrir sig að þeir hafi verið „óvirkir“ í starfsemi stjórnarinnar, enda beri þeim að afla sér vitneskju um rekstur félagsins og hafa eftirlit með starfsemi þess í meginráttum.“ (undirstrikanir undirritaðs).

26. Ekkert tilefni var því til þeirrar ályktunar, að mati undirritaðs, sem vísað var til í Kastljóspættinum, að til væri hugtakið „óvirkur stjórnarmaður“ eða að byggt væri á slíkum sjónarmiðum af hálfu undirritaðs. Í umfjölluninni var eingöngu vísað til þátttöku GPA sem stjórnarmanns í „undirbúningi umræddrar uppbyggingar (e. structure)“, þ.e. að hann hafi ekki verið virkur þátttakandi í henni, en það var inntak þeirrar athugunar sem undirrituðum var falið að framkvæma fyrir stjórn FME.

Fyrning

27. Í viðtali stjórnanda þáttarins við Sigurð G. Guðjónsson hrl. var m.a. vikið að fyrningu brota. Kom fram í svari lögmannsins að því er fyrningu varðar að ef talið yrði að brotið hefði verið gegn lögum um verðbréfiðskipti þá væri allt að 6 ára fangelsisrefsing við brotum á þeim lögum og þá væri fyrningin 10 ár, sem væri gagnstætt því áliti undirritaðs að hugsanleg brot teldust fyrnd. Af þessu tilefni skal tekið fram að þágildandi lög um verðbréfiðskipti, nr. 13/1996, mæltu ekki fyrir um þann 6 ára refsiramma sem byggt var á í þættinum. Það var ekki fyrr en

með lögum nr. 108/2007 sem mælt var fyrir um slíkan refsiramma, en þau lög eiga ekki við atvik á árinu 2001. Þessar athugasemdir áttu því ekki rétt á sér.

28. Ekki er talið tilefni til að víkja að öðrum atriðum sem fram komu í umfjöllun þáttarins, þar sem þau eru ekki talin hafa sérstaka þýðingu í þessu sambandi.

VI. Samantekt

- A. Í tilefni af umfjöllun Kastljóss um málefni GÞA og FME var leitað sérstaklega eftir frekari gögnum frá Landsbankanum að því er varðar aðkomu GÞA að félögunum LB Holding og NBI Holdings, og aflandsfélaga á vegum Landsbankans. Þá bárust undirrituðum gögn frá utanaðkomandi aðila, en gagna þessara er sérstaklega getið í umfjöllun hér að framan.
- B. Ekki verður ráðið að þau gögn sem aflað hefur verið leiði fram frekari upplýsingar, þannig að sérstaka þýðingu hafi, um þau atriði sem undirrituðum var falið að gera athugun á, sbr. fyrri greinargerð dags. 2. nóvember 2010, þ.e. varðandi aðkomu GÞA að viðskiptum Landsbankans og félagsins LB Holding með hlutabréf Kaupþings á árinu 2001, og í tilefni af upplýsingum um viðskipti Landsbankans og félagsins NBI Holdings með hlutabréf í ■■■ á árinu 2001.
- C. Ekki verður ráðið af skýrslu sem GÞA vann fyrir Landsbankann á árinu 1998 um „Offshore Banking“ að efni hennar feli í sér umfjöllun um einhvers konar ólögmeta háttsemi, þ. á m. óheimila starfsemi.
- D. Í framhaldi af gerð skýrslunnar á árinu 1998 var ráðist í stofnun aflandseininga á vegum Landsbankans, þ.e. félaganna Landsbanki Capital International Limited og Landsbanki PCC (Guernsey) Limited. Fjármálaeftirlit Guernsey (Guernsey Financial Services Commission) veitti félögunum starfsleyfi hinn 30. október 1998.
- E. Í umfjöllun Kastljóss gætti þess misskilnings að sérstök tengsl væru milli skýrslu þeirrar sem GÞA vann að fyrir Landsbankann á árinu 1998, og sem laut að ofangreindum félögum, þ.e. síðar Landsbanki Capital International Limited og Landsbanki PCC (Guernsey) Limited, og þeirrar ákvörðunar bankaráðs Landsbankans frá árinu 2000 að stofna til uppleysanlegs sjálfseignarsjóðs á Guernsey (LB-1886 Trust, og félags í eigu sjóðsins, LB Holding). Skýrslan laut ekki að umræddum sjálfseignarsjóði eða að félögum í eigu hans, en þau félög voru tilefni athugasemda í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á sínum tíma.
- F. Umfjöllun Kastljóss um lögfræðialit sem gert var á árinu 1998, og tengsl þess við svar GÞA til FME á árinu 2001, virðist því einnig byggð á röngum forsendum. Í álitsgerð lögmannanna var fjallað um framangreindar aflandseiningar, sem

stofnað var til á árinu 1998, þ.e. sem síðar urðu Landsbanki Capital International Limited og Landsbanki PCC (Guernsey) Limited, en ljóst er að starfsemi þeirra félaga var háð leyfum hjá yfirvöldum á Guernsey og var slíkra leyfa aflað. Við gerð svars þess sem GÞA sendi FME á árinu 2001 virðist ekki hafa verið álitamál hvort upplýsa ætti um tilvist þeirra félaga og var þeirra getið í umræddu svari, eins og fram kemur í fyrri athugun undirritaðs. Vafamálið laut að félögum sem voru í *eigu sjálfseignarsjóðs* á Guernsey („Trust“) en að slíkum félögum var í engu vikið í nefndu lögfræðialiti.

- G. Ekki var tilefni til þeirrar ályktunar sem fram kom í Kastljósi að á því væri byggt að til væri lögfræðilegt hugtak, „óvirkur stjórnarmaður“ eða að slíkum sjónarmiðum væri teft fram. Í fyrri athugun undirritaðs var eingöngu vísað til þátttöku GÞA sem stjórnarmanns í „*undirbúningi umræddrar uppbyggingar (e. structure)*“ vegna viðskipta með hlutabréf í tilteknum félögum, þ.e. að hann hafi ekki verið *virkur* þátttakandi í þeim ráðstöfunum, en það var inntak þeirrar athugunar sem undirrituðum var falið að framkvæma fyrir stjórn FME. Ofangreind ályktun um óvirka stjórnarmenn á sér ekki stoð í athugasemdunum.
- H. Í viðtali stjórnanda Kastljóss við lögmann var því m.a. haldið fram að hugsanleg brot teldust ekki fyrnd. Var þar vísað til laga sem ekki voru í gildi á árinu 2001. Þessar athugasemdir áttu því engan rétt á sér.
- I. Í nýjum gögnum sem sem fram hafa komið, þ.e. minnisblaði Halldórs J. Kristjánssonar bankastjóra og Hauks Þórs Haraldssonar, fjármálastjóra, til bankaráðsins 16. júní 2000, kemur fram að við stofnun svokallaðs uppleysanlegs sjálfseignarsjóðs („revocable trust“) á vegum Landsbankans hafi verið höfð í huga réttarstaða slíks sjálfseignarsjóðs („revocable trust“), þ.e. að meðan „sjóðurinn starfar eru eignir hans lagalega ekki eignir bankans og því getur eignarhaldið haft jákvæð CAD áhrif fyrir Landsbankann“. Af fyrirliggjandi minnisblöðum og tillögum til bankaráðsins verður ekki ráðið sérstaklega að GÞA hafi lagt á ráðin með eða borið ábyrgð á því að tillaga þessa efnis var lögð fyrir bankaráðið.
- J. Að öðru leyti vísast til samantektar þessarar og til athugunar sem undirritaður gerði fyrir stjórn FME, dags. 2. nóvember 2010.

Athugun þessi er alfarið byggð á þeim gögnum sem aflað var og getið er í framangreindri samantekt.

Reykjavík, 12. janúar 2012

Andri Árnason hrl.